

ÖNDUNARPRÓF FYRIR HELICOBACTER PYLORI

Almennar upplýsingar um rannsóknina og framkvæmd hennar

Lestu þessar leiðbeiningar vel.

Dagsetning rannsóknar: _____ kl: _____

Ef þú þarfnast nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlega hafðu samband við Meltingarsetrið Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík, **sími 553-3800** eða **meltingarsetrid@meltingarsetrid.is**. Upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni www.meltingarsetrid.is

Almennar upplýsingar:

Rannsóknin er gerð til að greina hvort bakterían *Helicobacter pylori* (*H.pylori*) leynist í slímhúð magans eða ekki. Þessi sérstaki sýkill veldur þar langvinnri bólgu (gastritis), sem getur ýtt undir sáramyndun í maga eða skeifugörn, auk þess sem bakterían er áhættuþáttur fyrir magakrabbameini.

Algengar ástæður fyrir rannsókninni:

Meltuónot (dyspepsia), sem geta verið margvísleg þ.m.t. verkjaónot ofarlega í kvið, ógleði, uppköst, brjóstsviði, minnkuð matarlyst og megrun. Einnig ef það er fyrri saga um sárasjúkdóm í maga eða skeifugörn. Algengast er að nota prófið til að athuga hvort *H.pylori* meðferð hafi borið árangur eða ekki.

Nánar um sjálfa rannsóknina:

Meltingarsetrið (MS) býður upp á þessa þjónusturannsókn, sem heitir á fagmáli *Helicobacter pylori* Test *INFAI*. Þetta er s.k. ¹³C urea öndunarpróf. Það er þýska fyrirtækið *INFAI* í Köln sem framleiðir prófefnin en rannsóknin sjálf er framkvæmd á Meltingarsetrinu. Þetta öndunarpróf kom fyrst á markað 1997 og hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu og er notað í öllum löndum Evrópusambandsins, auk 40 landa utan þess.

Sérstaða rannsóknarinnar:

Öndunarprófið er í sjálfu sér mjög auðvelt og einfalt fyrir sjúklinginn og þannig verulega notendavænt. Prófið er án inngríps (noninvasive) öfugt við speglun. Rannsóknin er einnig hagkvæm /óðýr borið saman við speglun. Það skal þó tekið fram að magaspeglun gefur meiri og ítarlegri upplýsingar um ástand efri hluta meltingarvegar en öndunarprófið gerir.

Öndunarprófið er mjög áreiðanlegt, en það er bæði mjög næmt og sértækt (tæplega 100%) til að greina eða útiloka H.pylori sýkingu og það er engin frábending gegn því að gera rannsóknina. Það má t.d. gera prófið á meðgöngu og hjá konum sem hafa barn á brjósti. ¹³C urea ísatópin, sem er notaður í rannsókninni, er náttúrlegur og er þegar fyrir í okkar líkama og það eru engar þekktar aukaverkanir af prófinu.

Framkvæmd H.pylori öndunarprófs:

Sjúklingur fastar í 6 klst

Engin sýklalyf í 4 vikur

Ekki s.k sýrudælublokkalyf (PPI) í 2 vikur

Sjúklingurinn blæs með röri í mæliglas í tvígang og þannig eru tekin tvö öndunarsýni. Fyrst er tekið grunnsýni, en síðan aftur sýni 30 mínútum síðar eftir að sjúklingur hefur drukkið 200 ml af vökva. Vökvinn er blanda af vatni, sítrónusýru og ísótópnum ¹³C, sem er bundinn í þvagefni (urea). Ef H. pylori bakterían er til staðar í maganum þá klýfur ensím hennar (urease) ísótópin og ¹³C -koltvísýringur myndast, sem berst með blóðrásinni til lungnanna og þaðan yfir í útöndunarloft okkar. Í útöndunarloftinu er síðan ¹³C-magnið mælt með s.k. massa litrófsmælingu.

Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði kallar sjúkling inn, bókar tíma og skráir niðurstöðu rannsóknarinnar. Niðurstaðan er síðan send tilvísandi lækni rafrænt. Læknir MS mun einnig upplýsa sjúkling beint um niðurstöðuna eða senda skilaboð á Heilsuveru.